

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Smára Jónssonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 14. janúar 2021
UST202011-075/Í.M.J.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – Sjókvíaeldi Fjarðareldis ehf. í Skutulsfirði tegundabreyting

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 2. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Fjarðareldi ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar að sækja um breytingu á skilyrðum starfsleyfis sjókvíaeldis fyrirtækisins í Skutulsfirði við Ísafjarðardjúp svo heimilt verði að ala þar lax þar sem lífmassi er að hámarki 200 tonn hverju sinni. Núgildandi starfsleyfi Fjarðareldis heimilar 200 tonna ársframleiðslu á þorski en eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar með starfseminni frá 2. ágúst 2019 hefur aldrei verið starfsemi á eldissvæðinu og hefur Matvælastofnun ekki gefið út rekstrarleyfi vegna hennar. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að rekstraraðili er í eigu Hábrúnar ehf. sem stundar sjókvíaeldi í Skutulsfirði á þremur eldissvæðum sunnan við skráða staðsetningu Fjarðareldis. Matsskyldufyrirspurn vegna tegundabreytingar Hábrúnar ehf. er tekin fyrir samhliða matsskyldufyrirspurn rekstraraðila.

Starfsleyfi

Núgildandi starfsleyfi rekstraraðila var gefið út af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða árið 2012 og gildir til ársins 2024. Í leyfinu er ekki skilgreint sérstakt eldissvæði heldur er staðsetning eldisins skilgreind út frá einu GPS-hniti. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að við umsókn um breytingu á starfsleyfi geri rekstraraðili betri grein fyrir eldissvæðinu og leggi fram hnit þess á þann hátt að að innan þess sé rými fyrir kvíar og festingar. Þá tekur núverandi starfsleyfi ekki nægilega vel til þeirra mengunarvarna sem stofnunin krefst af sjókvíaeldi á laxi.

Það er mat Umhverfisstofnunar að rekstraraðili þurfi að sækja um nýtt starfsleyfi fyrir starfseminni og bendir stofnunin á að rekstraraðili þarf einnig að hafa gilt rekstrarleyfi Matvælastofnunar til að hefja starfsemi. Sótt er um leyfin samtímis á þjónustugátt Matvælastofnunar og umsóknir unnar samhliða af stofnununum tveimur. Umhverfisstofnun minnir á að umfang sjókvíaeldis í starfsleyfi er nú miðað við

hámarkslífmassa hverju sinni en ekki ársframleiðslu líkt og gert er í nágildandi starfsleyfi rekstraraðila.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu umhverfisáhrif starfseminnar uppsöfnun lífrænna efna á sjávarboni undir og við kvíar eldisins. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að hægt verði að halda umhverfisáhrifum frá eldinu innan ásættanlegra marka í samræmi við vöktunaráætlanir og að lífrænt álag verði staðbundið, afturkræft og muni minnka með breytingunni vegna betri fóðurnýtingar (bls. 6). Ekki er umfjöllun um hvernig vöktun umverfisþátta muni fara fram né hvaða umhverfisþætti er fyrirhugað að vakta. Þá eru ekki lagðir fram útreikningar á losun næringarefna frá eldinu. Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun tilkynningarskýrslu um lífrænt álag rýr og ekki hægt að fullyrða að lífrænt álag muni minnka með breytingunni enda hefur eldið ekki verið með starfsemi skv. eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar frá 2. ágúst 2019. Umhverfisstofnun telur að fjalla hefði þurft um hvíld svæðisins milli eldislota og telur æskilegt að drög að vöktunaráætlun liggi fyrir á þessu stigi í matsferlinu.

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála og að það vatnshlot sem framleiðslan fer fram í hefur vatnshlotanúmerið 101-1390-C og nefnist Ísafjarðardjúp. Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sem vísað er til í frummatsskýrslu, skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Ef vatnshlot samræmast ekki umhverfismarkmiðum þá skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. lögum um stjórn vatnamála. Í vöktunaráætlun rekstraraðila þarf að gera ráð fyrir því að þeir gæðapættir sem unnið er með til að meta vistfræðilegt ástand séu vaktaðir. Sjá má yfirlit yfir þá gæðapætti í drögum að vatnaáætlun fyrir Ísland sem nú er í kynningu.¹

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun tilkynningarskýrslu um lífrænt álag á vistkerfi viðtaka rýr og telur ekki æskilegt að miðað sé við álag frá þorskeldi sem ekki hefur verið starfrækt á undanförunum árum. Stofnunin bendir á að ef upplýsingar skortir um álag starfseminnar á viðtaka eða losun hennar í umhverfi við vinnslu starfsleyfisumsóknar mun Umhverfisstofnun kalla eftir þeim upplýsingum frá rekstraraðila áður en kemur að auglýsingu starfsleyfistillögu. Umhverfisstofnun telur að vegna umfangs starfseminnar og samlegðar hennar við sjókvíaeldi Hábrúna ehf. að breytingin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

¹ http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%20a1%20a6tlun%202022-2027_DR%2096G.pdf, bls 24